

Starfendarannsóknir

Fundur með sérfræðingum haldinn í HÍ (MVS) 16. desember 2015

Þátttakendur: Birna Svanbjörnsdóttir (í Skype), Edda Kjartansdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Jónína Vala Kristinsdóttir, Sigurjón Mýrdal og Sólrún Harðardóttir.

Fundurinn var haldinn að frumkvæði *fagraðs um símenntun og starfsþróun kennara*.

Starfendarannsóknir og tengsl við starfsþróun

Líta má á starfendarannsóknir sem mjög öflugt tæki til þess að skoða kennarastarfið, t.d. það sem hefur áhrif á jákvæða þróun þess og það sem opnar möguleika innan þess. Í starfendarannsóknnum hefur það sýnt sig að athyglin fer mikið á námið og það sem nemendur gera og nema. Það felur í sér að verkefni sem lögð eru fyrir nemendur verða öðruvísi. (Sjá einnig *Hvað eru starfendarannsóknir?* hér á eftir.)

Ráðgjafar

Þáttur ráðgjafa er mikilvægur. Góður ráðgjafi getur lyft starfinu og rannsókninni á annað plan. Almennt séð þurfa ráðgjafar að búa yfir hæfni til þess að fá fólk til að hugsa öðruvísi. Kafli í doktorsritgerð Hjördísar Þorgeirsdóttur gæti hjálpað til við að móta umgjörð fyrir starf ráðgjafa.

Hvað eru starfendarannsóknir?

Ekki er til ein skilgreining á starfendarannsóknnum. Þær eru margar og margar stefnur eru í gangi varðandi þær. Mikil fjölbreytni er í starfendarannsóknnum þegar kemur að aðferðum. Ýmis orð eru notuð: action research, practitioner research, lesson study (á vettvangi og að frumkvæði kennara), learning study (með ráðgjafa – unnið markvisst með ákveðin atriði), colearning partnership (jafningjar).

Ákveðnir þættir eru þó alltaf inni í starfendarannsóknnum:

- Tilgangur með rannsóknunum er að breyta og bæta til hagsbóta fyrir nemendur.
- Horft er til starfsins, en einnig persónanna sjálfra. Starfendarannsóknir kalla þannig á þróun starfsins, kennararnir þurfa stundum líka að breyta sjálfum sér.
- Í flestöllum tilfellum er um að ræða samvinnurannsóknir. Rannsakandi er ekki eyland. Dæmi: Kennarahópur, kennaratvívíki eða kennari og ráðgjafi.
- Umgjörð sem gerir verkefnið að rannsókn. (Sjá síðar um birtingu).

Rannsóknir hafa ákveðna umgjörð sem felur í sér markvisst ferli með markmiðssetningum, framkvæmdaáætlun, gagnasöfnun og ákveðnum viðmiðum þegar meta skal stöðu og árangur.

Áhersla er á árangur nemenda í starfendarannsóknnum. Til þess að meta hann þarf að safna gögnum. Með hjálp gagna er auðveldara að greina hlutina, tala um þá og rökstyðja breytingar. Ekki er bara átt við einkunnir heldur einnig viðhorf, vinnubrögð, sjálfstæði o.fl.

Þátttakendur í starfendarannsókn geta verið á mismunandi þrepum. Í starfendarannsóknnum á sér stað samvinna og samstarf og mögulega eru sumir meira en aðrir í því að vinna nákvæmlega og vísindalega og birta niðurstöður. Allir geta síðan nýtt niðurstöðurnar.

Með starfendarannsóknnum, þegar vel gengur, fær fólk orð yfir starfið sitt og fagmennska eykst. Hugsunin þroskast og starfsþróun á sér stað.

Á fundinum fannst sumum, en ekki öllum, nauðsynlegt að birtar væru niðurstöður á einhvern hátt, til þess að tala mætti um eiginlega rannsókn. Birting getur verið í skólasamfélaginu, opinberlega, í ritrýndu tímariti o.s.frv.

Skilin á milli starfendarannsókna og faglegra vinnubragða sem fela m.a. í sér ígrundun og rýni af ýmsu tagi eru ekki alltaf skýr. Til nánari skýringar má segja að starfendarannsóknir séu alltaf þróunarstarf, en þróunarstarf flokkast ekki endilega sem starfendarannsókn.

Starfendarannsóknir eru viðurkenndar í fræðasamfélaginu.

Umfang starfendarannsókna

Tugir meistaraþrófsverkefna hafa verið unnir með sniði starfendarannsókna bæði við HÍ og HA. Almennt er ekki vitað hvort og hvernig þetta fólk hefur haldið áfram með þælingarnar þegar komið er (aftur) út í skólana.

MSHA hefur hvatt kennara til starfendarannsókna. Það er liður í því að byggja upp menningu lærdómssamfélagsins. HÍ hefur einnig staðið að verkefnum í þessum anda með skólafólki. Lítið er um að kennarar fari út í starfendarannsóknir án stuðnings.

Óljóst er hversu margir skólar stunda starfendarannsóknir. Vert væri að kortleggja það.

Framhaldsskólar: Byrjað hefur verið í nokkrum skólum, en starfið hefur yfirleitt lognast út af nema í MS. Í sumum skólum er þó enn öflug umræða t.d. í Versló.

Leikskólar: Starfendarannsóknir eru álitnar nokkuð gróskumiklar í leikskólum.

Grunnskólar: Dæmi voru tekin um starfendarannsóknir sem eru í gangi í Ísaksskóla og Dalskóla. Þau eru enn fleiri, en þó ekki mörg sem vitað er um.

Starfendarannsóknir í alþjóðlegu samhengi

Starfendarannsóknir eru staðbundnar og líkt og þær hafi sprottið út frá ákveðnum háskólum og einstaklingum. Dæmi Viscosin, Cambridge og Bath.

Í Ástralíu, Skotlandi og Finnlandi eru ríkjandi aðferðir starfendarannsókna í skólunum og í kennaranámi. Í Svíþjóð hefur þroskast menning sem einkennir starfendarannsóknir.

Í Japan og Kína er hefð fyrir lesson og learning studies. Kanada einnig nefnd.

Árangur, hindranir og lausnir

Festa þyrfti betur niður og orða hvað felst í starfendarannsóknnum og hvað þýðir að beita þeim. Starfendarannsóknir eru gott verkfæri og við þurfum að þekkja það betur og geta með auðveldum hætti kynnt það. Gott væri ef til yrði „platform“ þar sem fólk sem er að vinna í þessum anda getur rætt saman.

Strúktúr kennarastarfsins er fremur ósveigjanlegur. Ef hefja á starfendarannsóknir verður að vera skilgreindur tími til þeirra. Einnig er stuðningur við kennara/skóla nauðsynlegur. Stuðningur felst í hinu faglega en einnig ákveðnum ramma um verkefni og utanumhaldi. Fundarmenn eru almennt sammála um að stuðningur sé nauðsynlegur og menntun þessara ráðgjafa sé mikilvæg. Almennt þarf að gera sér grein fyrir hvaða stoðkerfi þarf fyrir starfendarannsóknir?

Mikilvægt er fyrir árangursríkt starf að forystan sé öflug, t.d. sé settur verkefnastjóri, og yfirmenn séu mjög vel með.

Rannsakendur hafa rekist á veggvið gagnasöfnun. Í sumum skólum er t.d. ekki heimilt að taka upp í skólastofum.

Ábendingar til fagráðs

Fundarmönnum var boðið að vera í sambandi við Sólrúnu eftir fundinn ef eitthvað kemur í hugann sem gæti átt erindi til fagráðsins.

Vísað á:

Doktorsritgerð Hjördísar Þorgeirsdóttur við MS.

Vísað á Bridget Somekh prófessor í Cambridge sem var andmælandi í doktorsvörn Hjördísar.

Bent á bók: *Whose Learning is it?* Jo and Jill. Sjá nánar:

<http://www.amazon.com/Learning-Developing-Children-Responsible-Learners/dp/9087904576>

Bent á grein: *Poppies in the Field* Sjá nánar: ???

Rætt um verkefni Svanborgar Rannveigar Jónsdóttur.

Sólrún Harðardóttir tók saman
29. 12. 2015

Sæl Sólrún og takk fyrir góðan fund

Mér finnst þú hafa náð að koma í fundargerðina meiginatriðunum sem við ræddum og hef engar athugasemdir við hana.

Ég nefndi aldrei á fundinum að doktorsritgert mín sem ég er nú að reyna að hnýta endahnútna á er starfendarannsókn. Meginhluti hennar fjallar um rannsókn sem ég vann að með 7 kennurum í tveimur grunnskólum í þrjú ár. Vona að mér takist að verja hana fyrir byrjun næsta árs og þá er kannski hægt að vísa til hennar. Ég fjalla m.a. um samstarf kennara í skólum og háskólakennara og hvernig sérfræði beggja aðila styrkir rannsóknina. Kennarar eru sérfræðingar um starfið sem fram fer í skólanum og þekkja nemendur sína, háskólakennarar hafa þekkingu á rannsóknaraðferðum og kenningum um nám.

Kær kveðja og óskir um gleðilegt ár

Jónína Vala

